

Fundur í fræðslunefnd Skaftárhrepps,

haldinn 6. febrúar 2020 á Hótel Klaustri, Kirkjubæjarklaustri, kl. 16:00.

Fundur nr. 168.

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson, formaður (D), Anna Magdalena Buda (D), Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir (D) og Fanney Ásgeirsdóttir (Z).

Jón Hrafn Karlsson (D) og Arndís J. Harðardóttir (Z) boðuðu forföll.

Þorsteinn ritar fundargerð.

Kl. 16:00 - Fræðslunefnd.

a) Kosning varaformanns.

Tillaga um að Anna Magdalena Buda verði varformaður.

Samþykkt samhljóða.

b) Kosning ritara og vararitara.

Tillaga um Jón Hrafn Karlsson sem ritara.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga um Fanneyju Ásgeirsdóttur sem ritara til vara.

Samþykkt samhljóða.

c) Önnur mál.

Almennar umræður um stöðu fræðslumála.

Kl. 16:30 - Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar mæta til fundar undir þessum lið:

Katrín Gunnarsdóttir, skólastjóri, Auður Guðbjörnsdóttir, fulltrúi foreldra og Inga Lóa Hannesdóttir, fulltrúi kennara.

1) Bókun sveitarstjórnar frá 14. janúar 2020. Liður 2 – 1.

Í bókun sveitarstjórnar kemur fram að ákveðið hefur verið að koma á fót starfshópi, sem hefur það hlutverk að vinna að uppbyggingu skólamála í Kirkjubæjarskóla í samvinnu við fræðslunefnd og Kirkjubæjarskóla. Leitað er til fræðslunefndar um eftirfarandi:

1) Tilnefningu í starfshóp.

2) Hvaða þættir það sem Kirkjubæjarskóli þarf helst á að halda til að vinna áfram að uppbyggingu/Tilgangur starfshóps.

Tillaga að bókun:

Fræðslunefnd telur og vill koma því á framfæri við sveitarstjórn, að nú þegar eru viðeigandi starfshópar og sérfræðingar að fjalla um þau málefni sem sveitarstjórn vísar í. Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, ráðgjafafyrirtækið Attentus, auk Kennarasambands Íslands eru nú þegar að vinna í innri málum skólans. Jafnframt var skipaður starfshópur sem fjallar um ytri mál skólans, þ.e. fjallar um samlegð þekkingarseturs, Kirkjubæjarskóla og Erróseturs.

AMB
ASJ
Pall
FA

Fræðslunefnd er kunnugt um mikið áreiti og álag á starfsfólk Kirkjubæjarskóla. Í ljósi þess að öll ofangreind mál eru í farvegi, er það ósk fræðslunefndar að starfsfólk skólans fái vinnufrið til að vinna það mikilvæga starf sem felst í skólastarfseminni. Fræðslunefnd tekur undir með starfsfólki Kirkjubæjarskóla hvað það varðar og vill ítreka stuðning við starfsfólk skólans.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2) Starfsemi skólans/starfsmannamál.

Námskeið í samskiptum á vegum Attentus verður haldið í Kirkjubæjarskóla 10. mars.

Stóra upplestrarkeppnin verður haldin í ár á Kirkjubæjarklaustri, þann 31. mars.

Námskeið á vegum Mentor verður haldið í Kirkjubæjarskóla 7. febrúar. Kennarar Grunnskólans í Hofgarði í Örfum verða með á því námskeiði.

Nýr stundakennari er kominn við skólann á unglingsstig.

Vísindaferð verður farin í marsmánuði. Almennt eru hlutirnir í góðum farvegi og gengur vel í skólanum. Nemendur í skólanum eru nú 35.

3) Leiðbeiningar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti varðandi skólaakstur.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur gefið út leiðbeiningar til sveitarfélaga vegna skólaaksturs í grunnskóla. Leiðbeiningarnar gefa tilefni til að reglur Skaftárhrepps um skólaakstur í grunnskóla verði endurskoðaðar.

Fræðslunefnd fer þess á leit við sveitarstjórn að ákvæði í leiðbeiningum verði innleiddar í reglur sveitarfélagsins um skólaakstur. Leitað verði ráðgjafar lögfræðings um það hvernig best er að koma nýjum atriðum inn í reglurnar.

4) Starfsáætlun – Skólanámskrá - Starfsmannahandbók.

Skólastjóri setti sig í samband við Attentus, sem koma til með að aðstoða skólann við gerð starfsáætlunar og starfsmannahandbókar. Drög ættu að vera tilbúin í apríl.

Skólastjóri stefnir að því að vera búinn með skólanámskrána innan tveggja vikna.

5) Önnur mál.

Rætt um ferðir nemenda úr kennslustundum í Kirkjubæjarskóla, til að stunda tónlistarskóla. Skólastjóri segir fyrirkomulagið ekki nógu gott, þar sem nemendur missi úr sömu tímum. Fræðslunefnd leggur til að skólastjórar beggja skóla, ásamt formanni fræðslunefndar og fulltrúa foreldra hittist og ræði mögulegar lausnir. Skólastjóri Kirkjubæjarskóla kallar saman hópinn.

Kl. 17:30 - Heilsuleikskólinn Kæribær.

Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar mæta til fundar undir þessum lið:

Guðrún Sigurðardóttir, skólastjóri, og Sólveig Ólafsdóttir, fulltrúi foreldra.

1) Starfsmannamál - barnafjöldi.

Nemendur leikskólans eru 31. Líkur á að þeim fjölgi á vorönn um 5 verða því 36.

Starfsmenn eru í dag 8 í 7 stöðugildum. Þörfin í vor er 9,25 stöðugildi og skólastjóri sér fram á að geta mannað þau stöðugildi.

MB
ASJ
Sólveig
Ólafsdóttir

2) Verkefna- og starfsáætlun 2020.

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við verkefna- og starfsáætlunina.

3) Starfsáætlun 2019/2020.

Starfsáætlunin er í vinnslu og stefnir skólastjóri að því að skila henni á næsta fræðslunefndarfundi.

4) Skjalamál skólans.

Talsvert magn skjala liggja í Heilsuleikskólanum Kærabæ, alveg frá stofnun hans. Nú þegar er hafin vinna við að senda skjöl til Héraðsskjalasafns Rangæinga og V-Skaftfellinga.

5) Önnur mál.

- a) Í dag, 6. febrúar 2020, er Dagur leikskólans. Af því tilefni var opið hús í Kærabæ, þar sem nemendur skólans buðu upp á listasýningu. Fjölmenni var á opna húsinu.
- b) Rætt um börn í leikskólanum og bólusetningar. Fræðslunefnd skoðar möguleika þess að breyta reglum skólans, þar sem farið verður fram á bólusetningavottorð, til að fá inngöngu í skólann.
- c) Almenn mjög gott andrúmsloft og almenn ánægja með Heilsuleikskólann. Skólastjóri bendir því til stuðnings á fækkandi veikindadaga, bæði meðal starfsfólks og barna.

Kl. 18:15 - Tónlistarskóli Skaftárhrepps.

Til fundarins mætir Zbigniew Zuchowicz, skólastjóri.

1) Starfsemi skólans.

Starfsemi gengur vel. Nemendum hefur fjölgað og einnig hefur tónlistargreinum fjölgað. Skólastjóri leggur fram tölfræðigögn til samanburðar. Á vorönn 2019 voru 20 nemendur á 7 hljóðfærum. Á vorönn 2020 eru 23 á 12 hljóðfærum. Bæði kennt á skólatíma og utan hans. Í vor verða allir nemendur hljóðritaðir og stefnt að því að gefa út disk á skólaslitum. Stefnt er að því að fara í skólaferð á næsta skólaári.

2) Önnur mál.

- a) Rætt um húsnæðismál skólans.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:45.


Þorsteinn M. Kristinsson


Arnfríður Sædis Jóhannesdóttir


Anna Magdalena Buda


Fanney Ásgeirsdóttir